

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk 2011.

Fundur haldinn á Elliðavatni 27.04.2011

Þorvaldur Ólafsson var valin fundarstjóri og úrskurðaði hann fundinn löglegan.

Ritari var valinn Kristinn Guðmundsson.

Sigurlaug Guðmundsdóttir las fundargerð ársins 2011 og var hún samþykkt og voru Björgvini Salómonssyni ritara þökkun störf undanfarandi ára en hann baðst undan áframhaldandi ritarastörfum.

Hannes Siggason flutti skýrslu stjórnar 2010-2011

Hjalti Elíasson gerir grein fyrir ársreikningum í fjarveru Guðrúnar S. Ólafsdóttur.

Ársreikningur var einróma samþykktur.

Kosning formanns fyrir næsta starfsár er Kjartan Kárason frá Hólsbraut

Aðrir kosnir í stjórn eru:

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir

Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson

Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson

Fulltrúi Keldudals: Guðrún S. Ólafsdóttir

Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar Ragnar Sigurðsson

Fulltrúi Króks: Hjalti Elíasson

Fulltrúi Dalbrautar: Eini landnemi brautarinnar Jón Þór Högnason óskaði eftir að sitja ekki í stjórn.

Skoðunarmenn ársreikninga Magnús Jóhannesson og Tryggvi Þórðarson voru endurkjörnir.

Hækkun félagsgjalda úr 2.000kr í 3.000 kr var einróma samþykkt .

Önnur mál .

Magnús Jóhannesson Krók.

Tilfnið skýrsla vegana vegamála , Mýrdalshreppur skilyrðir vegalagningar við gerð deiliskipulags af svæðinu, Magnús efast um að það sé rétt hjá hreppnum. Mýrd.hrep. samþykkti tillögur Skógræktar á nýjum GPS punktum fyrir löndum landnema en ekki vegna vegalagna og spurði hvort aðrir hefðu sama skilning. Hjalti telur það túlkun SR. að deiliskipulag þurfi á vegalagningu. Skógrækt notar allt til að flækja málið og gera ekki neitt.

Hannes Siggason segir allt notað sem ástæður í þrasi SR vegagerðar og Ríkissjóðs um framkvæmdir og tekjur af landnemunum sem endar með því að landnemar lenda á milli.

Hjalti er að fara í vettvangsrannsókn í næstu viku, síðast þegar farið var fór 10manna sendinefnd á staðinn.

Hannes Siggason fráfarandi formaður sagði þá ákvörðun sína að ganga úr félaginu og er búinn að segja upp landnemasamning sínum. Hann taldi tíma sínum betur varið í önnur mál en að vera að berjast við tómlæti SR. og Landbúnaðarráðuneyti og allra annara úr stjórnsýslunni.

Félagið þakkaði honum frábærlega vel unnin störf í þágu Landnema og var honum færð fögur jurt í potti að skilnaði frá félaginu

Fundi slitið.